



Maðurinn og efnið
Man and Material

Ásmundur Sveinsson

Ásmundarsafn maí 2004-maí 2006



Um listamanninn

Ásmundur Sveinsson fæddist á Kolsstöðum í Dólum 20. maí 1893. Þar ólst hann upp við bústörf ásamt ellefu systkinum. Þótt Kolsstaðir væru fjarri slöðum heimslistarinnar var á heimilinu virðing og hefð fyrir góðu handverki og skar Ásmundur út og mótað bæði hagnýta hluti og fyrirbæri sem hann sá á myndum í blöðum. Sem ungur maður kynntist Ásmundur Íslendingasögum, þjóðsögum og þjóðtrú sem síðar urðu honum mikilvæg uppspretta hugmynda við listsköpun.

Árið 1915, þegar Ásmundur var 22 ára að aldri, hélt hann til Reykjavíkur og hóf nám í tréskurði hjá Ríkharði Jónssyni og í lánskólanum í Reykjavík þar sem hann lærði meðal annars teikningu hjá Þórnari B. Þorlákssyni. Að loknu sveinsprófi í tréskurði haustið 1919 sigldi Ásmundur til Kaupmannahafnar. Þar var hann í teikniskóla einn vetur en nauð einnig tilsagnar hjá Viggo Brant og undirbjó af kappi inntökuþróf í listaháskóla. Að lokinni ársdvöl í Danmörku lá leiðin til Stokkhólms þar sem Ásmundur tók inntökuþróf í Listaháskólann haustið 1920. Þrátt fyrir að undirbúningur hans væri á margan hátt léltvægur hlaut hann inngöngu og stundaði þar nám í sex ár. Aðalkennari Ásmundar í Stokkhólmi var hinn þekkti sænski myndhöggvari Carl Milles.

Námsár Ásmundar einkenndust af því að hann lagði seint af stað inn á þá braut að verða listamaður. Íslenskt samfélag þess tíma bauð ekki upp á margar fyrirmyndir. Aðeins örféir Íslendingar höfðu lagt stund á listnám og enn færri gert myndlist að ævistarfi. Þótt með Ásmundi hafi lengi búið löngun til þess að verða myndhöggvari verður því að teljast edlilegt að ungur piltur úr Dólunum hafi lagt áherslu á að verða sér úti um iðnmenntun áður en hann hélt út á hina ókunnna braut listarinnar.

Vorið 1926 útskrifaðist Ásmundur frá Listaháskólanum og hélt til Parísar þar sem hann valdist næstu þrjú árin og lærði meðal annars hjá franska myndhöggvaranum Despiau. Með

Ásmundi í för var kona hans, Gunnfríður Jónsdóttir, sem hann hafði gengið að eiga í Íslandsferð sumarið 1924. París var háborg listarinnar og hafði Ásmundur margt þangað að sækja en ekki síður áhrifamiklar voru ferðir sem hann fór á Parísarárúnum suður til Ítalíu og Grikklands. Ásmundur kom aftur heim til Íslands vorið 1929 eftir fju ára búsetu erlendis.

Við heimkomuna settist Ásmundur að í Reykjavík og fékk um tíma vinnustofu í gamla Holdsvelkraspiítalanum í Laugarnesi. Árið 1933 reisti hann sér hús við Freyjugötu, sem nú er þekkt sem Ásmundarsalur og hýsir Listasafn ASÍ. Á meðan Ásmundur bjó þar skildu þau Gunnfríður. Árið 1942 hóf hann byggingu kúluhússins við Sigtún og nokkru seinna bætti hann framan við húsið píramíðunum tveimur. Á árunum 1954 – 1959 reisti hann síðan bogaskemmu aftan við húsið. Húsin við Sigtún voru heimili og vinnustofa Ásmundar allt til dauðadags. Þar bjó hann ásamt seinni konu sinni Ingrid og dóttur þeirra.

Ásmundur var einn af frumkvöðlum Íslenskrar höggmyndalistar. Hann var á meðal þeirra sem kynntu fyrir Íslendingum nýja formskrift í myndlist 20. aldar. Verkum hans var ekki alltaf jafn vel tekið, en með tímanum hafa þau fest sig í sessi sem ein af birtingarmyndum Íslenskrar sagnahefðar, samfélags og náttúru á 20. öld. Verkum hans hefur verið komið fyrir á opinberum stöðum víða um land og er það mjög í anda hugmynda Ásmundar um að listin eigi ekki að vera fyrir fáa útalda heldur hluti af daglegu lífi allrar alþýðu.

Mestan hluta ferils síns sótti Ásmundur innblástur í Íslenskar sagnir og þjóðtrú en samfélagið og ýmsar tækniframfarir 20. aldar voru honum einnig ríkuleg uppspretta hugmynda. Lesa má úr verkum hans stórbrotin form Íslenskrar náttúru þar sem efnismikil, kröftug og stundum ógnandi verkin eru lík þeim kynjarmyndum sem finna má víða í náttúru landsins. Þótt jarðvegurinn sem Ásmundur spratt úr hafi ekki verið sáður ríkulegri myndlistarhefð og böndin sterk sem bundu hann íslenskrí hefð



og sögu, tókst honum að tileinka sér meginstrauma alþjóðlegrar myndlistar á fyrri hluta 20. aldar og gefa þeim um leið íslenskt yfirbragð.

Ásmundur andaðist í Reykjavík 9. desember 1982. Hann ánaftaði Reykjavíkurborg listasafn sitt og húsin við Sigtún og þar hefur Ásmundarsafn verið opið almenningi frá árinu 1983.

About the Artist

Ásmundur Sveinsson was born on the farm Kolsstaðir in Dalir on 20 May 1893. While growing up he took part in the work on the farm, along with his eleven siblings. Even though Kolsstaðir was far removed from the international art world, good craftsmanship was held in high esteem. Ásmundur liked to carve out of wood, creating utility objects and other things that he saw in magazines. As a young man, Ásmundur was introduced to the Icelandic Sagas, as well as to folk tales and beliefs that later became an important source of inspiration in his work.

In 1915, at the age of 22, Ásmundur moved to Reykjavík and began studying woodcarving under Ríkharður Jónsson. He also studied drawing, among other things, under the direction of painter Þórarinn B. Þorláksson, at the Technological

Institute in Reykjavík. After completing a journeyman's examination in wood carving in autumn 1919, Ásmundur sailed to Copenhagen. There he attended a drawing school for one year and also studied with Viggo Brant and worked diligently to prepare himself for studying at an art academy. After a year's stay in Denmark he moved to Stockholm, where he pursued to enter the Royal Academy of Art in autumn 1920. Even though his preparation was rather minimal, he was awarded a place and studied there for six years. Ásmundur's main instructor in Stockholm was the renowned Swedish sculptor Carl Milles.

Ásmundur's study years were characterized by his late start onto the artistic journey. Icelandic society at that time did not offer many role models. Only a handful of Icelanders had studied art and even fewer had made it their career. Even though Ásmundur had long dreamed of becoming a sculptor, understandably a young man from western Iceland would have wanted to receive certification as a craftsman before setting off on the uncertain road to becoming an artist.

In the spring of 1926, Ásmundur graduated from art college and moved to Paris where he remained for the subsequent three years, studying with French sculptor Despiau, among others. He was accompanied by his wife Gunnfríður Jónsdóttir, whom he had married during a trip to Iceland in the summer of 1924. Paris at that time was the cradle of art and had a lot to offer Ásmundur. Yet no less important for him were the trips he took to Italy and Greece during his Paris years. Ásmundur finally returned to Iceland in the spring of 1929, after a ten-year sojourn abroad.

Upon returning, Ásmundur settled in Reykjavík and for a time had a studio in the old leper clinic in Laugarnes. In 1933 he built a house on Freyjúgata, which now houses the Art Gallery of the Icelandic Federation of Labour. While living there, he and Gunnfríður divorced. In 1942

Ásmundur began building the domed-house at Sigtún and a short while later added the two pyramids in front of the house. From 1954–59 he raised a crescent-shaped studio behind the house. The houses at Sigtún were Ásmundur's home and studio until he died. He lived there with his second wife Ingrid and their daughter.

Ásmundur was one of the pioneers of Icelandic sculpture. He was among those who introduced Icelanders to a new form of art in the 20th century. His sculptures can be found in public places throughout the country, in keeping with his idea that art should not be only for a chosen few but part of the daily lives of all people.

For the greater part of his career, Ásmundur derived inspiration from Icelandic folk tales and beliefs, although society and various technological advancements in the 20th century were also a rich source of ideas. One can see in his work the grandiose shapes of Icelandic nature; his massive, powerful and sometimes threatening sculptures are akin to those strange forms found in the landscape. Although Ásmundur's background was not rich in artistic tradition and his bonds to Icelandic tradition and history were strong, he nevertheless managed to absorb the major influences in international art in the early part of the 20th century, and at the same time give them Icelandic characteristics.

Ásmundur passed away in Reykjavík on 9 December 1982. He donated his collection and his home and studio at Sigtún to the City of Reykjavík. There the Ásmundur Sveinsson Museum has been open to the public since 1983.

Sýningastjóri/Curator: Ólaf K. Sigurðardóttir
Texti/Text: Ólaf K. Sigurðardóttir
Þýðing/Translation: Alda Sigmundsdóttir
Ljósmyndir/Photographs: Sólva





Til að skoða og ræða

Skoðið hvaða efni Ásmundur notaði í verk sín og hvernig efnisval hans breyttist í tímans rás.

Skoðið þá sýn sem birtist á íslenskrí alþýðu í verkum Ásmundar.

Skoðið hvernig Ásmundur notar flata hluti til að skapa þrívíð listaverk.

Fyrir fjölskyldur og gesti á öllum aldri.

Finnið verkín á sýningunni sem eru í fleiri en einni útgáfu. Hvers vegna eru þau í mörgum útgáfum og hver er munurinn á þeim?

Hvað er ólíkt með þeim verkum sem eru í mörgum útgáfum og hinum sem aðeins eru í einni? Gætu þau öll verið í mörgum útgáfum?

Finnið ólíku efnin sem Ásmundur notar og ræðið hvernig efniviðurinn mótar verkið. Hvernig væri til dæmis Vatnsberinn úr járn og Andlit sólar úr leir?

To discuss and think about

What materials did Ásmundur used in his works and how did his choice of material changed over time.

How does Ásmundur depict the Icelandic working class in his works.

Examine how Ásmundur uses flat forms to create some of his sculptures.

For families and guests of all ages

Find works in the exhibition, which are in more than one version. Why are they in many versions and what is the difference between the versions?

What is the difference between the works that exist in many different versions and those that exist in only one? Could they all exist in many different versions?

Find the different materials that Ásmundur uses and discuss how the material shapes the work. How, for example, would the Water Carrier look if it were made out of iron and the Face of the Sun be if it were made out of clay?

Maðurinn og efnið

Efnisval Ásmundar einkenndist í upphafi af þeim efnivið sem hendi var næstur á uppvaxtarárum hans á Íslandi en endurspeglar siðarmeir hefðbundið efnisval myndhöggvara aldarinnar. Sem ungur maður skar Ásmundur í tré samkvæmt íslenskrí handverkshefð. Auk hins hefðbundna útskurðar mótaði hann í leir og steypu og má segja að þá þegar hafi hann valið efniviðinn útrá hugmyndinni. Sem nemandi Carl Milles í Stokkhólmi og á Parísarárunum tókst hann á við hefðina, mótaði og hjó í stein.

Eftir að Ásmundur sneri aftur til Íslands gerði hann lítið af því að höggva í stein. Fram á sjötta áratuginn einkenndust verk hans af þeirri tillifningu sem skapast í verkum sem listamaðurinn mótar eigin höndum. Meðhöndlun listamannsins á efninu verður að veigamiklum hluta sköpunarverksins, hugmynd og meðferð efnis móta endanlega mynd þess. Þegar leið á fimmta áratuginn varð rýmið veigameiri þáttur í verkum Ásmundar. Hann tók þá að vinna í tré að nýju auk hinna efnismiklu leirverka.

Á sjötta áratugnum urðu straumhvörf í list Ásmundar þegar hann uppgötvaði járníð. Þá tók hann að sjóða saman málma og aðra hluti sem hann safnaði og notaði lítt eða ekki breytta. Við þetta vék hlutveruleikinn og vægi rýmisins í verkunum varð æ meira. Verkin fjárlægðust lífræn form þeirra efnismiklu verka sem Ásmundur hafði mólað eigin hendi og einkenndust af formrænum vísunum í íslenska náttúru. Undir lok starfsævi sinnar sneri hann sér svo aftur að því að höggva í stein en nú voru viðfangsefni hans ekki tilvísanir í klassíska hefð heldur lágstermd tilbrigði við náttúrulegt form steinsins.

Man and Material

In the beginning, Ásmundur's choice of material was much like that which was closest at hand while he was growing up in Iceland. Later it reflected the traditional material used by century sculptors. As a young man, Ásmundur practiced woodcarving according to the Icelandic craftsmanship tradition. In addition to this he shaped works out of clay and concrete, choosing material to serve his ideas. As a student of Carl Milles in Stockholm, and during his years in Paris he worked in traditional material, molded and chiselled in stone.

After returning to Iceland, Ásmundur abandoned stone chiselling for the most part. Up until the 1950s, his work was characterised by the feeling evoked when an artist has shaped the sculpture with his own two hands. The handling of the material by the artist becomes an important part of the work; the concept and the treatment of the material shape its final form. As the 1940s progressed, space played an increasingly important part in Ásmundur's art. At that time he began working with wood again, as well as creating his massive clay sculptures.

There was a watershed in Ásmundur's art in the 1950s, when he discovered iron. He began welding together metals as well as other objects that he collected and used in their original form, or slightly altered. The works moved closer to a pure abstraction and the empty space within the works became more important. The work became removed from the massive forms of the sculptures that Ásmundur shaped with his own hands and were characterized by references to Icelandic nature. Towards the end of his career he once again turned to stone chiselling, although now his subjects were not references to a classical tradition but rather quiet variations on the natural shape of the stone.

Opnunartími í Ásmundarsafni
maí-september 10-16 og október-apríl 13 -16
Opnunartími á Kjarvalsstöðum
og í Hafnarhúsi alla daga 10-17.

Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll húsin.
Hægt er að panta leiðsögn um sýningar í
Ásmundarsafni. Upplýsingar í síma 590 1200

Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum -
Ásmundarsafn is open May-Sept. 10 am-4 pm
and October-April 1 pm-4 pm.
Kjarvalsstaðir and Hafnarhusid
are open every day from 10 am – 5 pm.

The entrance ticket is valid the same day
for all three museums.
Guided tours are available upon request.



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM

Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavik Art Museum - Ásmundarsafn, Sigtúni, 105 Reykjavík
www listasafnreykjavikur.is - listasafn@reykjavik.is - sími (+354) 517 1290 - fax (+354) 590 1201